



Alþingi
Erindi nr. P 126/2450
komudagur 75.2001

Samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2001

Efni: Frumvarpi til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 707 mál.

Alþýðusambandi Íslands barst í hádeginu í dag til umsagnar frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf, nr. 707. Fram kom að umsögn þyrfti að berast eigi síðar en „**kl. 16.00 mánudaginn 7. maí nk.**“.


Að ofanrituðu má ljóst vera að Alþýðusambandið hefur engar forsendur til að fjalla um einstaka efnisþætti frumvarpsins eða frumvarpið í heild. Það verður heldur ekki séð að það sé raunverulegur vilji Alþingis miðað við aðdraganda málsins.

Í ljósi framanritaðs mun Alþýðusamband Íslands ekki fjalla um efni framangreinds frumvarps. ASÍ vill þó nota þetta tækifæri til að koma á framfæri eftirfarandi almennum ábendingum um efni málsins.

Alþýðusamband Íslands bendir á að Landssíminn er þjóðareign og að sú eign hefur verið að byggjast upp í gegnum tíðina með framlagi þjóðarinnar allrar. Það hvílir því sú skylda á þeim sem með málið fara að tryggja að sem best verð fáið fyrir Landssímamann. Þetta sjónarmið verður að hafa að leiðarljósi við ákvarðanir um sölu Landssímans, s.s. tímasetningar, og hvernig með hana verður farið.

Alþýðusamband Íslands bendir á að Landssíminn er þjóðareign og þannig má líta á þau verðmæti sem í Landssímanum felast sem „ættarsilfur“ þjóðarinnar. Það er því eðlileg og sjálfsögð krafa Alþýðusambandsins að þjóðin njóti góðs af sölu Landssímans. Í því sambandi bendir ASÍ á að með andvirðinu sem fæst fyrir sölu Landssímans má skjóta traustari stöðum undir velferðarkerfið hér á landi og treysta það til framtíðar. Alþýðusambandið bendir í þessu sambandi á þá þjóðarumræðu sem ASÍ hefur hafið um stöðu og framtíð velferðarkerfisins hér á landi og tillögur sambandsins í þeim efnum.

Virðingarfyllt,
F.h. Alþýðusambands Íslands


Halldór Grönvold,
Skrifstofustjóri ASÍ